



FFSÍ

FARMANNA- OG  
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1416*  
*komudagur 20.4.2005*

**Nefndasvið Alþingis,  
Sjávarútvegsnefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.**

**Reykjavík 19. apríl. 2005**

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43 29. maí 1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu sjávarútvegsins. 583. mál, verkswið vörupróunar og markaðssjóðs.**

FFSÍ styður frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
F.h.Farmanna og Fiskimannasambands Íslands

Árni Bjarnason



Nefndasvið Alþingis  
Sjávarútvegsnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN**  
*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/1363*  
*komudagur 19.4.2005*


Reykjavík, 18.04.2005  
Tilv. 21.9.1/SÍL  
JS/sv

**Málefni: Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, 583. mál, verkswið Vöruþróunar- og markaðssjóðs.**

Vísað er í erindi Sjávarútvegsnefndar, dags. 7. apríl 2005, um ofangreint málefni.

Hafrannsóknastofnunin er hlynnt ofangreindri tillögu og telur að hún sé m.a. til þess fallin að styrkja rannsóknir í sjávarútvegi. Óhætt er að segja að mikið verkefni bíði á því sviði, ekki síst er viðkemur rannsóknum á síldarstofnum og nýsköpun í veiði og vinnslu.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,

  
Jóhann Sigurjónsson

---

**Heimilisfang:**  
Skúlagötu 4  
Pósthólf 1390  
121 Reykjavík

**Sími:**  
575-2000  
**Póstfax:**  
575-2001

**Heimasíða:**  
[www.hafro.is](http://www.hafro.is)

**Tölvupóstfang:**  
[hafro@hafro.is](mailto:hafro@hafro.is)

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1417  
komudagur 20.4.2005

LANDSSAMBAND  
smábátæigenda



Til sjávarútvegsnefndar Alþingis

19. apríl 2005

Efni: Umsögn um 583. Mál, þingskjal 874.

„Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43 29. maí 1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.“

Í frumvarpinu er lagt til að „Vöruþróunar- og markaðssjóður síldarútvegsins“ fái viðtækara hlutverk en verið hefur. Í stað þess að einskorða styrkveitingar úr sjóðnum við að efla vöruþróun og markaðsstarf síldarafurða er lagt til að honum verði heimilt að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi.

Í fylgiskali með frumvarpinu frá Fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að eigið fé sjóðsins sé 150 milljónir.

Landssambandi smábátæigenda – LS - finnst skorta í frumvarpið upplýsingar um starfsemi „Vöruþróunar- og markaðssjóð síldarútvegsins“. Í athugasemdum með frumvarpinu koma engar upplýsingar fram um sjóðinn, hvaða verkefni hann hefur styrkt, hvaða árangur styrkveitingar hafa leitt til o.þ.h. upplýsinga sem nauðsynlegt er að hafa við hendina þegar umsögn er veitt. Þá verður það að teljast óviðunandi að ekki séu veittar upplýsingar um fjárhagsstöðu sjóðsins í frumvarpinu. Aðeins í fylgiskali með frumvarpinu frá Fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að eigið fé sjóðsins sé 150 milljónir.


Umsögn LS ber því nokkurn keim af upplýsingaskorti.

Það er skoðun LS að auka eigi áherslu á vöruþróun og markaðsmál í sjávarútvegi. Á sl. misserum hefur komið í ljós að í þeim þáttum er það helst sem skórinn kreppir að. LS leggur því til að frumvarpið hljóti ekki afgreiðslu. LS telur að starfsemi sjóðsins eigi að vera óbreytt, starfa á þröngu sviði í stað þess að dreifa kröftunum til þeirra þátta sem lagt er til í frumvarpinu.

Að lokum bendir LS á að engar upplýsingar fundust við leit á veraldarvefnum, um „Vöruþróunar- og markaðssjóð síldarútvegsins“, sem skýrir kannski áhugaleysi fyrir sjóðnum sem greint er frá í athugasemdum frumvarpsins, „Þá hafa tiltölulega fáir aðilar sótt um styrki úr sjóðnum frá stofnun hans“.


**Virðingarfyllt**

f.h. Landssambands smábátaeigenda



---

Örn Pálsson framkvæmdastjóri



# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík


*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1415*  
*komudagur 20.4.2005*

Reykjavík 19. apríl 2005.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins, 583. mál.**

Sjómannasambands Íslands benti á árið 1998 að sjómenn ættu ekkert síður tilkall til fjármuna Síldarútvegsnefndar en síldarsaltendur. Alþingi tók þá ekkert tillit til ábendinga Sjómannasambandsins og afhenti síldarsaltendum allt hlutaféð og alla stjórnarsetu í sjóðum sem stofnaðir voru í þágu síldarútvegsins. Vegna fyrri afgreiðslu málsins telur Sjómannasamband Íslands enga ástæðu til að skipta sér af því á þessu stigi og hefur því enga skoðun á frumvarpinu.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson